



Samgöngu-  
sáttmálinn

21. ágúst 2024

# Greiðar samgöngur bæta lífsgæði til framtíðar

Heildarsýn og hagkvæm uppbygging með  
uppfærðum samgöngusáttmála







Ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa uppfært samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins um sameiginlega framtíðarsýn í samgöngum til ársins 2040.

Innviðauppbygging samgöngusáttmálans er hagur allra landsmanna.

# Forsagan — tímamótasamkomulag árið 2019

Tímamót þegar samgöngusáttmálinn var undirritaður 2019.

Umferð aukist gríðarlega með tilheyrandi álagi og töfum.

Sameiginleg sýn um samgönguframkvæmdir til framtíðar.

Óvenjulág framlög til samgangna árin áður og nýtt framkvæmdaskeið hófst.



# Ávinningur



Hagkvæmari  
uppbygging innviða



Jafnræði  
í samgöngum



Stytttri og áreiðanlegri  
ferðatími



Aukið  
umferðaröryggi



Dregið úr  
umhverfisáhrifum



Bætt  
lífsgæði íbúa



Fleiri valkostir  
í samgöngum



Íbúar og atvinnulíf njóta góðs af fjölbreyttum valkostum í samgöngum með styttri ferðatíma, minni biðtíma og bættum lífsgæðum.





# Hvað hefur breyst frá undirritun samgöngusáttmálans 2019?

**+21.000\***


íbúar



**+84 á viku**

**+15.855\*\***

bílar



**+63 á viku**

## Fjölgun meiri en gert var ráð fyrir.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar (2019) gerði ráð fyrir 434.000 íbúum 2068 en skv. nýjustu spám verður það 2030.



\* Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu sept. 2019 — janúar 2024 skv. Hagstofunni

\*\* Bílaeign á höfuðborgarsvæðinu sept. 2019 — júní 2024 skv. Samgöngustofu



# Hvernig þurfa samgöngur á höfuðborgarsvæðinu að þróast?

- Kröftugur vöxtur með fjölgun íbúa og farartækja í umferðinni.
- Tafatími eykst ef ekkert er að gert, bæta þarf umferðarflæði til framtíðar á margvíslegan hátt.
- Mikilvægt að fjölga valkostum í samgöngum.
- Almenningsamgöngur endurskipulagðar og efldar.
- Stjórnskipan bætt með skýrara vinnulagi og til að auka hagkvæmni.





# Hvað hefur áunnist 2019–2024?

## Stofnvegir

- 1. Vesturlandsvegur:**  
Skarhólabraut —  
Hafravatnsvegur  
Verklok 2022
- 2. Reykjanesbraut:**  
Kaldárselsvegur —  
Krísuvíkurvegur  
Verklok 2021
- 3. Suðurlandsvegur:**  
Bæjarháls — Vesturlandsvegur  
Verklok 2021
- 4. Arnarnesvegur:**  
Rjúpnavegur — Breiðholtsbraut  
Hófst 2023 og lýkur 2026

## Borgarlínan

- Ítarlegt undirbúningsferli langt komið.
- Framkvæmdir vegna fyrstu lotu Borgarlínunnar hefjast á árinu.
- Framkvæmdaútboð vegna Fossvogsbrúar á árinu.
- Heildstætt leiðanet Borgarlínu og strætisvagnleiða með stóraukinni þjónustu fyrir höfuðborgarsvæðið liggur fyrir.

## Hjóla- og göngustígar

- Búið er að leggja og undirbúa tæpa **20 km. af hjóla og göngustígum frá árinu 2019.**
- Prenn undirgöng og tvær brýr fyrir gangandi og hjólandi byggðar frá 2019.
- Hjólástíganet fyrir höfuðborgarsvæðið skilgreint.

## Umferðarstýring, flæði og öryggi

- Fjárfest hefur verið 1,6 ma.kr. í tækjabúnað, úrbætur og tækniþróun fyrir umferðarljósastýringar og aðrar smærri framkvæmdir til að bæta umferðarflæði og umferðaröryggi fyrir almenna umferð og almenningssamgöngur á stofnvegum.
- Ítarleg og óháð úttekt á tækni, rekstri og þróun umferðarljósastýringa árið 2020.
- Aðgerðaáætlun um úrbætur og ástandsgreining á öllum umferðarljósum höfuðborgarsvæðisins árið 2021.





# Uppfærsla samgöngusáttmálans

<ul style="list-style-type: none"><li>Allar kostnaðaráætlanir hafa nú verið endurskoðaðar og verkefni komin nær framkvæmdastigi.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Framkvæmdir næst í tíma eru háðar minni óvissu og hafa farið í gegnum for- og verkhönnunarferli.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>Allar lykilframkvæmdir eru þær sömu og áður en breytingar gerðar á stökum verkefnum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Framkvæmdir lengra fram í tímann eru meiri óvissu háðar og fara í ítarlegra greiningarferli.</li></ul>

Umfangsmikið verkefni sem verður endurskoðað reglulega.  
Gæta þarf að fjárfestinga- og framkvæmdagetu til að allt gangi upp.  
Stöðugt mat lagt á valkosti sem leiða til hagkvæmari lausna,  
aukins umferðaröryggis og annarra mikilvægra þátta.






# Samkomulag um rekstur og stjórnskipulag almenningssamgangna

Ríkið og sveitarfélögin sex hafa gert samkomulag um samvinnu um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulagið felur í sér aukinn fjárstuðning við almenningssamgöngur og virkari aðkomu að stjórnskipulagi.

Ríkið mun bera þriðjung af rekstrarkostnaði. Þá mun ríkið veita framlög til orkuskipta í almenningssamgöngum.



Sveitarfélög

2/3

1/3

Ríki

Skipting kostnaðar  
(nettó rekstrarkostnaður)





# Samkomulag um rekstur og stjórn- skipulag almenningssamgangna

Sameiginlegt félag stofnað um skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstur nýja félagsins tekur jafnt til hefðbundinna strætisvagnaleiða og Borgarlínu.

Stýrihópi falið að undirbúa stofnun félagsins – skipaður þremur fulltrúum frá ríkinu og þremur frá sveitarfélögunum sex (SSH).





# Helstu verkefni í uppfærðum samgöngusáttmála til 2040

## Stofnvegir

Ráðist verður í **sex stór verkefni** við stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar við þau þrjú sem lokið er

- Reykjanesbraut: Gatnamót við Bústaðaveg
- Sæbrautarstokkur
- Miklubrautargöng
- Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata
- Garðabæjarstokkur
- Arnarnesvegur

## Borgarlínan

Byggðir verða innviðir hágæða almenningssamgangna með

### Borgarlínu í sex lotum

- Lota 1: Ártúnshöfði – Hlemmur – Hamraborg
- Lota 2: Hamraborg – Lindir
- Lota 3: Mjódd – BSÍ
- Lota 4: Fjörður – Miklabraut
- Lota 5: Ártún – Spöng
- Lota 6: Ártún – Háholt

Aukin þjónusta í samþættu leiðaneti strætisvagna og Borgarlínu fjármögnuð og rekin sameiginlega.

## Hjóla- og göngustígar

Umfang hjóla- og göngustíga eykst til muna í uppfærðum samgöngusáttmála, lagðir verða um

### 80 km af nýjum hjóla- og göngustígum


til viðbótar við 20 km sem þegar hafa verið lagðir. Alls verða því 100 km af nýjum stígum lagðir til ársins 2040.

## Umferðarstýring, flæði og öryggi


Auknar fjárfestingar í tækjabúnaði, stöðugum úrbótum og tækniþróun fyrir umferðarljósastýringar með áherslu á umferðarmestu gatnamót svæðisins auk smærri framkvæmda til að bæta umferðarflæði og öryggi á stofnvegum.







Sæbraut



Reykjanesbraut/Bústaðavegur



Reykjanesbraut í Hafnarfirði

# Helstu stofnvegaverkefni

Reykjanesbraut og Sæbraut eru hluti af meginás í gegnum höfuðborgarsvæðið – tenging megingátta landsins í fólks- og vöruflutningum og Sundabrautar við samgöngukerfi svæðisins.

- **Sæbraut** verði lögð í 850 m langan stökk í stað fyrri áforma um ein mislæg gatnamót.
- Gatnamót **Reykjanesbrautar** og **Bústaðavegar** verði með frjálsu flæði bílaumferðar og sérrými Borgarlínu frá Vogabyggð að Mjódd.
- **Reykjanesbraut í Hafnarfirði** verði með frjálsu flæði bílaumferðar um gatnamót við Lækjargötu, Fjarðarhraun, Hamraberg og Álftanesveg.

\*verk í vinnslu - vinnuteikningar á undirbúningsstigi



# Helstu stofnvegaverkefni

Miklabraut, Kringlumýrarbraut og Hafnarfjarðarvegur eru lykilliðir fyrir almenna umferð og almennings-samgöngur.- tengingar austur- og suðurhluta höfuðborgarsvæðisins við stærstu vinnustaði, mennta- og sjúkrastofnanir landsins.

- Lagt er til að **Miklabraut** verði lögð í 2,8 km jarðgöng frá Skeifu í austri að Landspítala í vestri með tengigöngum suður Kringlumýrarbraut undir gatnamót við Hamrahlíð og Listabraut.
- **Hafnarfjarðarvegur** í Garðabæ verði í vegstokki með frjálsum flæði umferðar um gatnamót við Vífilstaðaveg og Lyngás.
- Borgarlína og hjólastígar eftir þessum lykilliðum verði á yfirborði.

\*verk í vinnslu - vinnuteikningar á undirbúningsstigi







Borgarlínuvagnar aka á sérakreinum með forgang á gatnamótum með mikilli tíðni



# Borgarlínan

Heildstætt kerfi hágæða almenningssamgangna með Borgarlínuleiðum og strætisvagnaleiðum fyrir allt höfuðborgarsvæðið.


- **Sérrými** – Borgarlínuvagnar aka í sérrými að mestu með forgangi á gatnamótum en þannig eykst bæði áreiðanleiki og hagkvæmni.
- **Bætt þjónusta** – Borgarlínuleiðir auka þjónustu við mjög stóran hluta höfuðborgarsvæðisins.
- **Aukin tíðni og styttri ferðatími** – Vagnar aka á 7-10 mín. fresti á annatímum sem styttrir verulega bið- og ferðatíma.
- **Góðar tengingar** – Borgarlínan með góðar tengingar við strætisvagna af öllu höfuðborgarsvæðinu.
- **Vandað og aðgengilegt** – Borgarlínuvagnar verða lengri en hefðbundnir strætisvagnar – nútímalegir, hljóðlátir og vandaðir. Stöðvar verða yfirbyggðar og með þrepalaust aðgengi inn í vagnana.
- **Samnýting og neyðarumferð** – Hefðbundnir strætisvagnar geta nýtt sérakreinar og biðstöðvar Borgarlínu. Viðbragðsaðilar geta líka nýtt sérakreinar til að minnka viðbragðstíma.



# 70% íbúa með aðgengi að góðum almenningssamgöngum

Borgarlínan verður hryggjarstykkið í heildstæðu og öflugum almenningssamgöngukerfi strætisvagnleiða og Borgarlínuleiða.

Með nýju leiðaneti er stefnt að því að **sjö af hverjum tíu íbúum** verða í göngufjarlægð (400 m frá stoppistöð) frá hágæða almenningssamgöngum/ borgarlínu sem ganga á tíu mínútna fresti.






# Hjóla- og göngustígar

Byggt verður upp heildstætt samgöngukerfi fyrir hjólandi vegfarendur um allt höfuðborgarsvæðið.

Ferðir á höfuðborgarsvæðinu eru almennt stuttar — mikilvægt að efla hjólreiðar sem valkost í samgöngum

- Sameiginleg sýn meginleiða fyrir hjólandi vegfarendur.
- Forgangsröðun framkvæmda m.a. út frá samlegð við önnur verkefni sáttmálans.

Áætlað að byggja alls um 100 km stígakerfi auk undirganga og brúa fyrir fjármagn sáttmálans.





# Samgöngusáttmálinn 2019–2040







# Samgöngusáttmálinn 2019–2040

## Fjárfestingar

 Stofnvegir



-  Verkefni lokið eða í framkvæmd
-  Verkefni í uppfærðum samgöngusáttmála



# Samgöngusáttmálinn 2019–2040

## Fjárfestingar

 Borgarlínan


-  Verkefni lokið eða í framkvæmd
-  Verkefni í uppfærðum samgöngusáttmála





# Samgöngusáttmálinn 2019–2040

## Fjárfestingar

 Göngu- og hjólastígar



-  Verkefni lokið eða í framkvæmd
-  Verkefni í uppfærðum samgöngusáttmála



# Samgöngusáttmálinn 2019–2040

## Fjárfestingar




Stofnvegir



Borgarlínan



Göngu- og hjólastígar





# Hlutfall af heildarfjárfestingu til 2040

42%

Stofnvegir

42%

Borgarlínan

13%

Hjóla- og göngustígar

3%

Umferðarstýring,  
flæði og öryggi





# Fjármögnun samgöngusáttmála

Heildarfjárfesting er rúmlega **14 ma. kr.** á ári á fyrsta tímabili í uppfærðum samgöngusáttmála sem nær m.a. til tímabils næstu fjármálaáætlunar. Samsvarar þriðjungi af fjárfestingum í samgöngur árlega á fjárlögum.

Verkefni samgöngusáttmála fá fjárveitingar á grundvelli fjármálaáætlunar og samgönguáætlunar – og frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Ábati af Keldnalandi mun einnig renna til verkefna sáttmálans.

Samningur undirritaður af hálfu ríkisins með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis. Að sama skapi er undirritun af hálfu sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.









# Samgöngusáttmálinn framlengdur til 2040



Gildistími lengdur til 2040 til að tryggja raunhæfan tímaramma fyrir undirbúning, framkvæmdagetu og fjármögnun með hagkvæmni að leiðarljósi.



# Ábatagreining var gerð á verkefnum samgöngusáttmálans (verkfræðistofan Cowi/Mannvit)

*„Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins telst samfélagslega hagkvæm fjárfesting og mikilvægi framkvæmda fyrir framþróun og velsæld samfélagsins er mikið.“*





Samfélagslegur ábati til 50 ára

**1.140** ma.kr.

Heildarfjárfesting

**311** ma.kr.

Ábati sem hlutfall af kostnaði

**3,5**

Innri vextir/raunvextir verkefnis

**9,2% / 6,5%**





# Ábatagreining

- Hagræn greining á samgöngufjárfestingum auðveldar stjórnvöldum að meta ávinning af verkefni á líftíma þess og vega samfélagslegan ábata á móti stofn- og rekstrarkostnaði.
- Meirihluti ábatans er vegna tímasparnaðar í bíla-umferð og í almenningssamgöngum. Íbúar og gestir höfuðborgarsvæðisins, þ.e. vegfarendur í bíla-umferð og almenningssamgöngum njóta ábatans í formi styttri ferðatíma og minni tafa.
- Næmnigreining á breytingum í lykilstærðum styður niðurstöðuna, að sáttmálinn sé samfélagslega hagkvæmt verkefni, jafnvel þótt forsendur þróist til verri vegar.

\*Drög að hönnun Borgarlínu



# Ábatagreining

- Unnið var frummat á heilsufarsábata samfélagsins vegna aukinnar hreyfingar fólks í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu.
  - » Áætlaður heilsufarsábati vegna aukinnar göngu til og frá biðstöðvum samhliða aukinni notkun almenningssamgangna er um 24 ma. kr.
  - » Áætlaður heilsufarsábati vegna aukinna hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu er um 40 ma. kr.

\*Drög að hönnun Borgarlínu



# Hvað gerist næst í tíma?

Núverandi almenningssamgöngukerfi verður eftt meðan Borgarlína byggist upp með betri þjónusta og bættri tíðni strætisvagna. Innviðir fyrstu lotu Borgarlínu nýtist íbúum allra sveitarfélaga.

Hjóla- og göngustígar bætast við á hverju ári.

Arnarnesvegur opnar innan tveggja ára samkvæmt áætlunum.

Fossvogsbrú á leið á framkvæmdastig og mun nýtast almenningssamgöngukerfinu og gangandi og hjólandi þegar í stað.

Umferðarljósastýring og sambærilegar aðgerðir bæta stöðugt umferðarflæði.





Takk fyrir

